

Rannsóknaskýrslur Þjóðminjasafns 1988

7

Skáli, jarðhús og fleiri fornar minjar

Ferð að Tjaldbúð og Hrunakróki

Guðmundur Ólafsson



Reykjavík 2010

(c) Þjóðminjasafn Íslands/Guðmundur Ólafsson

Forsíðumynd: Horft til vesturs, yfir rofabarð við Tjaldbúð og snið sem hreinsað var fram í bakkanum, þar sem jarðhús frá 9. eða 10. öld er að blása upp (GÓL-1988-25-5).

Skáli, jarðhús og fleiri fornar minjar.

Ferð að Tjaldbúð og Hrunakróki 1988

Guðmundur Ólafsson

Laugardaginn 2.7. 1988 fór undirritaður í könnunarferð að Hrunakróki í Hrunamannahreppi (8710) til þess að skoða fornar tóftir. Í ferðinni voru einnig Sigurjón Helgason, verkfræðingur Guðbergur Guðnason frá Jaðri, Hrunamannahreppi og síðar verslunarstjóri hjá Ziemsen í Hafnarstræti og kona hans Magna Runólfsdóttir. Einnig í för var Kevin Smith, bandarískur fornleifafræðingur. Guðbergur og Sigurjón, höfðu áður farið um svæðið til að skoða fornar garðaleifar og athuga hvort þar væru fleiri sýnilegar minjar sem e.t v. mætti tengja gömlum munnmælum um fornbylið Fornu Hruna á þessum slóðum.



Mynd 1. Yfirlitskort af svæðinu sem sýnir nokkur örnefni og afstöðu minjanna sem fjallað er um í skýrslunni (Google Earth).

Fornar rústir hjá Tjaldbúð í Kaldbakshögum

Ekið var heim að býlinu Kaldbaki og gengið þaðan. Eftir nokkra göngu var komið að miklu rofabarði í djúpu gili sunnan við Tjaldbúð. Austan í rofabarðinu mátti greina mannvistarleifar á tæplega þriggja m dýpi. Mannvistarleifarnar voru um 350 m NA af Núpsvatni, sem nú er yfirleitt kallað Kaldbaksvatn, og um 300 m vestan við Stóru Laxá.




Mynd 2. Horft til norðurs yfir rofabarðið þar sem jarðhúsið er að koma í ljós. Greina má leifar af gólfi í framan við sniðið (GÓL-1988-25-4).

Rúst 1. Jarðhús. Rofabarðið var hreinsað fram og þar voru leifar af gólfi á 2,85 m dýpi. Gólfskánin var 5 – 7 cm þykk til endanna en aðeins þynnri í miðju. Þetta er hús sem hefur verið 3,25 m að breidd og grafið niður um 1,4 m.

Framan við rofabarðið voru nokkrir flatir steinar sem höfðu hrunið úr veggjahleðslu. Þegar svæðið framan við rofabarðið var hreinsað mátti greina útlínur hússins (myndir 2-3). Þær sýndu að húsið hafði legið í austur – vestur, skáhallt út úr sniðinu. Þarna fundust nokkrir gripir sem teknir voru til varðveislu: 1. Hálfur snældusnúður; 2. Brot úr steinkolu; 3. Kljásteyn; 4. Hvítur steinn; 5. Járnteinn; 6. Tennur; 7. Brennd bein. Tekið var sýni úr gólfi jarðhússins (S-1, tveir pokar).



Jarðhúsið virðist hafa verið grafið í gegn um Heklugjósku frá 1104, sem virðist hafa verið rétt undir yfirborði þegar jarðhúsið var gert. Dýpt þess hefur þá verið a.m.k. 1,4 m. Breidd hússins hefur líklega ekki verið yfir 2 m.



Mynd 3. Rúst 1. Skissa úr dagbók af jarðhúsinu. Efri hlutinn sýnir sniðið. Neðri hlutinn sýnir leifar af jarðhúsinu í fleti fyrir framan sniðið. Einn metri er á milli krossa (G.Ó.).




Mynd 4. Yfirlitsmynd af rústasvæði, horft til suðurs. Rúst 1 er þar sem fólk er við rofabarðið til hægri á myndinni. Rúst 2 er framan við manninn til vinstri. Stóra Laxá er ofarlega til vinstri og Núpsvatn sést efst til hægri (GÓL-1988-25-8).



Mynd 5. Leifar af langeldi að koma í ljós á uppblásinni rúst 2 (GÓL-1988-25-6).

Rúst 2. Skáli. Í miðju gilinu ofarlega var grjótdreif sem benti til að þar hafi verið bygging rétt hjá. Hún var uppblásin að mestu, en miðað við innbyrðis afstöðu langelds, steinaraða og leifar gaflveggjar, þá hefur hún líklega verið um 18 m löng og allt að fimm metra breið, að innanmáli. Suðurgaflinn var alveg horfinn. Allmikill halli er í gilinu og því er hugsanlegt að tóftin hafi færst aðeins til suðurs, fyrir tilstilli þyngdarafls og leysingarvatns. Í rústinni miðri er langeldur, a.m.k. um 2,2 m langur og um 0,7 m breiður um miðjuna en aðeins mjórri til endanna (mynd 5). Minjarnar benda til þess að þetta séu leifar skála frá 10. – 11. öld. Langhliðar hússins eru mjög úr lagi færðar, þó má ætla hvar þær hafa verið, út frá dreifðri steinaröð sem þar liggur. Norðurhluti rústarinnar sást ekki á yfirborði. Grafinn var skurður um 8 – 9 m norðan við langeldinn og þar var komið niður á leifar torfveggjar sem lá ofan á landnámslaginu. Þessar byggingaleifar eru um 480 m norður af Núpsvatni.

Nyrsti hluti hins uppblásna áss, sem rústirnar eru í, nefnist Tjaldbúð.




Mynd 6. Rúst 2. Skissa úr dagbók af leifum skálans. Mælikvarðinn sýnir 10 m (G.Ó.).

Krókstekkatún




Mynd 7. Afstöðumynd sem sýnir rústir 1 – 2 á uppblásnum ás norður af Núpsvatni. Rústir 3 – 5 á Krókstekkatúni sunnan undir Hrunaás (Google Earth).

Rúst 3. Rétt. Sunnan undir ásnum Hruna er rétt sem er 5 x 4 m að innanmáli. Hún virðist vera frá 19. öld. Undir réttinni er hringlaga tóft sem er um 9 m að innanmáli.



Mynd 8. Rúst 3. Skissa úr dagbók af rétt og hringlaga tóft (G.Ó.).

Rúst 4. Um 35 m austan við réttina eru fjárhús rúmlega 2 x 3 m að innanmáli. Inngangur var á norðurgafli. Jötur voru meðfram langveggjum. Leifar af eldra mannvirki lá austan við fjárhúsin og samsíða þeim. Inngangur virðist einnig hafa verið á norðurgafli þessa mannvirkis sem hverfur inn undir fjárhúsin og tilheyrir því vafalaust eldra byggingarskeiði.




Mynd 9. Rúst 4. Skissa úr dagbók af fjárhúsi (G.Ó.).



Mynd 10. Horft til suðurs yfir rétt (rúst 3 og fjárhús (rúst 4) á Krókstekkatúni sunnan undir Hruna (GÓL-1988-25-21).

Rúst 5. Hrutakofi. Um 50 m frá fjárhúsunum var hrutakofi frá Hrunakróki. Hann var hlaðinn úr grjóti utan í fjallshlíðina. Inngangur var á suðurgafli við austurhlíð.



Mynd 11. Rúst 5. Skissa úr dagbók og ljósmynd (GÓL-1988-25-14) af hrútakofa (G.Ó.).



Mynd 12. Horft til norðvesturs yfir rofabarð hjá Hrunakróki, um 100 m fyrir norðan rúst 6. Á miðri mynd sést grjótdreif. Hún er hugsanlega úr garði sem legið hefur þvert yfir gilið (GÓL-1988-25-12).



Mynd 13. Yfirlitskort af svæðinu og helstu örnefni. Rústasvæðin eru innan rauðu hringjanna. Neðst voru rústir 1 – 2, í miðju rústir 3 – 5 og efst, þar sem Hrunakrókur er sýndur sem eyðibýli, voru rústir 6 – 7 (Atlaskort 1:100.000).

Hrunakrókur


Rúst 6. Efst var greinileg fjárhústóft sem er um 2 x 3 m að innanmáli og með inngangi á miðjum vesturgafli. Undir henni eru leifar af eldri byggingum. Mjög erfitt er að gera sér grein fyrir þeim af yfirborði, en hugsanlega eru þar leifar af 2 – 4 herbergjum eða hólfum. Hugsanlega eru leifar af brunni við norðvesturhorn svæðisins. Vestan við minjarnar er rofabarð.



Mynd 14. Horft til suðurs yfir tóftir smábýlis á Hrunakróki, sem stóð fram yfir 1900. Framan við bæjarhúsin er heygarður, og kálgarður. Gilið fremst á myndinni er austan við rúst 6 á mynd 15. (GÓL-1988-25-16).

Á flötinni sunnan og neðan við rúst 6 eru miklir og fornir garðar, næstum sokknir í jörð með öllu. Þeir skipta flötinni upp í marga reiti. Hugsanlega er um að ræða áveitugarða eða beitarhólf. Ekki vannst tími til að mæla upp rústirnar eða garðana í þessari ferð, en þeir sjást vel á yfirlitskortum sem Sigurjón útbjó síðar (mynd 18). Skissurnar hér að neðan gefa hugmynd um útlit og afstöðu rústanna.

Samkvæmt frásögn Sigurjóns fóru þeir Guðbergur nokkrum sinnum inn að Hrunakróki á árunum 1987 og 1988. Í október 1988 fór Guðrún Larsen jarðfræðingur með þeim. Hún greindi m.a. jarðlög í könnunargryfju sem grafin var í rúst 6 (mynd 20). Mannvistarleifarnar voru yfir landnámslaginu og Eldgjá 934, en undir Heklu 1104. Snið 3 í gafli með grjóthleðslu (mynd 22) höfðu Sigurjón og Guðbergur grafið og mælt áður án þess að taka eftir gjóskulaginu frá 1104 sem hefur þó getað verið í sniðinu. Yfir hleðslunni er þykkt svart gjóskulag, Hekla 1693.




Mynd 15. Rúst 6. Skissa úr dagbók af rústum við Hrunakrók (G.Ó.).



Mynd 16. Horft til suðurs yfir rúst 6. Fjárhúsin eru hægra megin á myndinni. Guðbergur og Sigurjón eru til vinstri. Snið 3, sem grafið var í gaflinn, sést sem rák aðeins nær myndavélinni. Spilduna með torfgörðunum ber yfir fjárhústóftina, og ásinn Hrúni er aðeins fjær (GÓL-1988-25-10).

Rúst 7. Krossfjós, kallað sumarfjós, var um 60 m frá fjárhúsunum. Þar voru um 0,8 m breiðir og um 2 m langir básar fyrir þrjár kýr. Í hverjum bás voru jötur út við vegginn. Inngangur er á austurhlið. Heystæði var hjá fjósinu.




Mynd 17. Rúst 7. Skissa úr dagbók og ljósmynd (GÓL-1988-25-14) af krossfjósi (G.Ó.).

Niðurlag

Minjasvæðin sem hér hefur verið lýst að framan eru afar merkileg. Þau eru í um 200 m hæð yfir sjó. Rústirnar eru fjölbreyttar og frá ýmsum tímum. Þær yngstu eru vafalaust frá seinni hluta 19. aldar enda fór Hrunakrókur ekki í eyði fyrr en árið 1902 og þar hefur ekki verið búið síðan. Í rofabörðum sést að jarðvegsmyndun hefur verið mikil á svæðinu og að elstu mannvirkin eru um einum til tveimur metrum undir núverandi yfirborði. Þarna er því greinilega mjög gömul byggð og elstu minjarnar virðast vera frá því skömmu eftir að Landnámslagið féll. Sú byggð virðist ekki hafa varað mjög lengi, því að gjóskulög sem sáust í sniðum benda til þess að hún hafi verið farin í eyði alllöngu áður en gjóskulagið frá Heklu 1104 féll á svæðið. Þó að staðurinn sé afskekktur, virðist hann ekki vera í sérstakri eyðingarhættu, nema ef frekari uppblástur verði á svæðinu sem raskað gæti minjunum. Æskilegt væri að gera frekari rannsókn á þessum minjum. Sigurjón Helgason hefur tekið saman helstu heimildir og birt hugleiðingar um þessa áhugaverðu fornu byggð (Sigurjón Helgason, 1990).


Viðauki

Hér að neðan eru teikningar og kort sem Sigurjón Helgason teiknaði og birti í grein um fornþýli við Hrunakrók ásamt sniði (mynd 19) sem Guðrún Larsen jarðfræðingur tók í gegnum torfgarð (Sigurjón Helgason, 1990). Teikningarnar varpa skýrara ljósi á aldur og gerð minjanna við Hrunakrók.





Mynd 18. Yfirlitskort af Hrunakrök og minjum á því svæði. Á neðri myndinni er lega torfgarðanna sýnd (Myndirnar eru úr riti Sögufélags Árnesinga, Árnesingi 1990, bls. 27).

Mynd 19. Snið í gegn um torfgarð við Hrunakrók. Yfir garðinum sjást Heklulögin H-1104 og H-1693. Í garðlaginu sjást leifar af tveimur gjóskulögum, Landnámslaginu og Eldgjárlaginu, E1 frá því um 934. Bæði lögin eru líka óhreyfð undir garðinum (Sigurjón teiknaði sniðið eftir frumteikningu Guðrúnar Larsen).




Mynd 20. Könnunarhola sem grafin var 23. 10. 1988 í rúst 6, um 14 m vestan við vegg í gryfju (sniði 1) frá 1987, sbr. afstöðu á mynd 21. Guðrún Larsen greindi jarðlög í holunni. Holan sýnir mannvistarleifar rétt yfir gjóskunni E-934. Þessi fyrsta byggð virðist hafa farið í eyði all löngu fyrir árið 1104. Teiknað eftir málskissu sem gerð var á staðnum (S.H.).





Mynd 21. Uppdráttur af tóftum við Hrunakrók (rúst 6). Mælt upp 2. 8. 1988. Leitað var að steinhleðslum með járnteini (Sigurjón Helgason).

Mynd 22. Snið 1 á mynd 15, við gaffl á byggingu í rúst 6. Sniðið sýnir að húsið er byggt skömmu eftir fall Eldgjáröskunnar (E 934) (Sigurjón Helgason 12. okt. 1987).



Heimildir

Sigurjón Helgason. (1990). Fornbýli við Hrunakrók og sögnin um forna Hruna. *Árnesingur I*. (Bls. 25-42). Reykjavík: Sögufélag Árnesinga.